

## Boðberi vonar

Páll í Gaulverjabæ og frjálslynd, kontextúal guðfræði

Síðari grein

Kontextúal guðfræði

Í síðasta hefti þessarar ritraðar birtist grein um séra Pál Sigurðsson (1839–1887), sem síðast þjónaði Gaulverjabæ, og *Helgidaga-prédikanir* hans, svokallaða Páls-postillu, sem komu út að honum látnum 1894.<sup>1</sup> Þar var sýnt fram á að tvímælalaust beri að líta svo á að Páll hafi verið einn fyrsti boðberi frjálslyndrar guðfræði hér á landi og að sterk rök hnígi því til að telja að það guðfræðisögulega tímabil sem við hana er kennt hafi þar með hafist nokkru fyrr hér á landi en almennt hefur verið gert. Margir hafa hallast að því að uppruna þessa tímabils beri að rekja til þess er Jón Helgason (1866–1942), síðar biskup, og Haraldur Níelsson (1868–1928), síðar prófessor, tóku að boða þá stefnu hér um aldamótin 1900. Af þessum sökum má líta svo á að Páll hafi gegnt athyglisverðu hlutverki í þeim straumhvörfum sem urðu í íslenskri guðfræði á þessum tíma með því að leitast við að mæta vaxandi gagnrýni sem „ríkiskirkjan“ eða þjóðkirkjan og hefðbundin túlkun hennar á lútherskri guðfræði sætti um þetta leyti.<sup>2</sup>

Í þessari síðari grein um efnið verður spurt hvort líta megi svo á að sú guðfræði sem Páll lagði til grundvallar í ræðum sínum sé dæmi um stefnu sem löngu síðar var nefnd kontextúal guðfræði. Með því er átt við guðfræði sem mótast af félagslegum aðstæðum og leitast við að breyta þeim til batnaðar.<sup>3</sup> Í guðfræði af því tagi er litið svo á að öll guðfræði mótist af ríkjandi aðstæðum á hverjum stað og tíma. Það sé

<sup>1</sup> P.S. var bóndasonur úr Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Hann útskrifaðist úr Prestaskólanum í ágúst 1863, var næstu þrjú ár barnakennari á Litla-Hrauni við Eyrarbakka, vígðist til Miðdals í Laugardal í ágúst 1866, þjónaði Hjaltabakka á Ásum í tíu ár frá 1870 en Gaulverjabæ frá 1880 til æviloka. Hann lést 1887, aðeins rúmlega 48 ára að aldri. Kona hans var Margarethe Andrea (1841–1938), dóttir Þórðar Guðmundssonar (1811–1892), kammerráðs og sýslumanns á Litla-Hrauni. Þau eignuðust tíu börn en fimm náðu fullorðinsaldri. Árni (1878–1952), síðast prófessor, varð þeirra þekktastur. Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002* 2, [s.l.]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 702–703.

<sup>2</sup> Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–193, hér 92–95. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 199–201, 215–217, 223–225, 268–277. Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan og bókmenntirnar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 217–222. Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsni: Gagnrýni Þorgils gjallanda á kirkju og presta í *Ofan úr sveitum*“, *Andvari* 55/2013, bls. 105–127.

<sup>3</sup> Jens Holger Schorring, „1800 til í dag“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–746, hér 676–681. Carl Henrik Martling, *Svenskt kyrkolexikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok*, Skellefteå: Artos, 2005, bls. 173. Ekki er til viðunandi þýðing á erlenda orðinu kontextúal sem útleggja mætti með lýsingarorðinu umhverfisbundinn eða umhverfislægur. Kontextúal guðfræði hefur verið nefnd hlaðvarpaguðfræði á íslensku og er þar um hnyttna heimfærslu að ræða. Björn Björnsson, „Ný aldamótuguðfræði — eða hvað?“, *Orðið: Rit Félags guðfræðinema* 1/1986, bls. 13.

Því mikilvægt hlutverk guðfræðinnar að greina og gagnrýna ríkjandi aðstæður í ljósi kristinnar trúar. Kontextúal guðfræði felur þess vegna í sér umþenkingu um líf mannsins á hverjum stað og tíma. Slík guðfræði gagnrýnir líka hefðbundna, „algilda“ guðfræði sem lítur svo á að Ritningin og hefð kirkjunnar séu einu gildu viðmiðanirnar sem mögulegt sé að ganga út frá við guðfræðiiðkun eða kirkjulega boðun og fræðslu.<sup>4</sup> Loks hvetur kontextúal guðfræði til að guðfræðileg greining og félagslegar aðgerðir haldist í hendur. Hún leiðir því til virkrar félagslegrar gagnrýni og hvetur áheyrendur eða lesendur til félagslegra umbóta. Predikanir sem byggðar eru á guðfræði af þessu tagi fjalla því að verulegu leyti um samfélagsleg og hversdagsleg málefni. Þetta er einmitt áberandi þáttur í predikunum Páls.

Líkt og þegar um frjálslynda guðfræði er að ræða má nota heitið kontextúal guðfræði í tvíþættri merkinu, þ.e. almennri og sértækri. Í almennu merkingunni nær það yfir grundvallarnálgun í guðfræði sem einkennist af eindreginni viðleitni til að miða allt starf kirkjunnar við þær menningar- og félagslegu aðstæður sem ríkja á hverjum stað og tíma og þar sem leitast er við að breyta þeim til hagsbóta fyrir bæði mann og heim. Um daga Páls Sigurðssonar var einkum um boðun og uppfræðslu að ræða í því sambandi. Í sértækri merkingu nær heitið yfir einstakar sögulegar stefnur sem einkum komu fram á síðari hluta 20. aldar. Má þar nefna frelsunar-guðfræði í Suður-Ameríku, guðfræði svartra, ekki síst í Suður-Afríku, og loks kvennaguðfræði í Evrópu og Norður-Ameríku.<sup>5</sup> Þegar guðfræði Páls Sigurðssonar er sögð kontextúal er vísað til hinnar almennu merkingar orðsins.

Leitast verður við að leysa viðfangsefni greinarinnar með því að kanna skoðun Páls á hlutverki kristinnar boðunar og kristindómsins almennt en hann lagði áherslu á að predikunin ætti fremur að gera fólk hæft til að lifa þessu jarðneska lífi en að búa það undir annað líf. Þá verður framtíðarsýn og guðsríkisboðskapur Páls kannaður en Guðs ríki skipaði veglegan sess í predikunum hans. Þar næst verður svo dregin fram túlkun hans á tveimur kristnum höfuðlærdómum, það er endurlausnar-kennningunni og upprisuboðskapnum, en á báðum sviðum má merkja skyldleika við kontextúal guðfræði. Loks koma svo lokaniðurstöður fyrir greinarnar báðar.

Að sönnu eru predikanir ávallt byggðar á guðfræðilegri heildarsýn og geta jafnvel snúist um einstaka trúarlærdóma eða kennisetningar. Oftar en ekki taka þær þó mið af fleiru: félags- og menningarlegum aðstæðum, daglegu líf fólks og þörfum safnaðarins í margháttaðu tilliti. Þetta á í svo ríkum mæli við um predikanir Páls Sigurðssonar að sumar þeirra þóttu hálfgerðar tækifærisræður sem væru svo bundnar ytri aðstæðum að þær hæfðu tæplega í húslestrabók.<sup>6</sup> Í slíkum bókum verða ræðurnar vissulega að eiga fullt erindi við lesendur og/eða áheyrendur þrátt fyrir breytilegar kringumstæður. Öðru máli gegnir um predikanir sem fluttar eru í guðsþjónustu safnaðar. Þær hljóta alltaf öðrum þræði að taka mið af aðstæðum áheyrendanna. Athyglisvert er að predikanir sem bera augljós einkenni af þessum toga hafi verið valdar í safnið og að þau skuli hafa verið látin halda sér þegar ræðurnar voru búnar

<sup>4</sup> Um guðfræðilega þekkingarfræði P.S. var fjallað í fyrri grein.

<sup>5</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason, „Guðfræðin í pólitíkinni — pólitíkin í guðfræðinni“, *Ritid: Tímarit Hugvísindastofnunar* 2–3/2009, bls. 57–79, hér 59–62.

<sup>6</sup> „Bókmenntir. — Helgidagapredikanir eptir séra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (†1887) [...]“, *Þjóðólfrur* 16. nóvember 1894, bls. 213–214, hér 214.

til prentunar. Hér er litið svo á að þetta hafi verið svo ríkt einkenni á boðun Páls að óhjákvæmilegt hafi verið að það setti mark sitt á postilluna, ekki síst ef vali útgefenda á predikunum var eins þröngur stakkur sniðinn og líkur benda til (sjá fyrri grein). Hafi svo verið er það vissulega vísbending um hversu kontextúal boðun Páls Sigurðssonar hefur verið. Slíkrar tilgátu er þó lítil þörf þar sem ræðurnar bera ýmis önnur einkenni sem skýra má sem merki um kontextúal guðfræði.

Páll Sigurðsson var prestaskólagenginn, eins og flestir íslenskir prestar af kynslóð hans, en átti þess ekki kost að nema erlendis líkt og þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Hann náði hins vegar langt innan hinnar klassísku, innlendu menntahefðar, varð góður latínumaður og kenndi mörgum undir skóla. Þar á meðal voru menn sem áttu eftir að verða leiðandi í íslensku þjóðlífi.<sup>7</sup> Páll var mikill áhugamaður um viðreisn lands og þjóðar eins og meðal annars má sjá bæði í ýmsum predikunum hans og bréfum.<sup>8</sup> Kom það ekki síst fram í uppeldis- og fræðslumálum.<sup>9</sup> Þá stundaði hann nokkuð ritstörf. Meðal annars sendi hann frá sér viðamikla skáldsögu, *Aðalstein: Sögu æskumanns*, 1877.<sup>10</sup> Var þetta ein fyrsta íslenska nútímaskáldsagan og kom út skömmu á eftir brautryðjendaverkum Jóns Thoroddsen (1818–1868). Sagan boðaði veraldlega, gagnrýna siðfræði auk þess sem hún fjallaði um rétt einstaklingsins og mikilvægi góðs uppeldis æskulýðnum til handa.<sup>11</sup> Öll þessi atriði koma einnig fram í predikunum Páls og eru til vitnis um að heildstæðar hugmyndir búa að baki höfundarverki hans.

*Helgidaga-prédikanirnar* hafa að geyma 30 stólræður Páls. Auk þess var svo árið eftir að hann lést (1888) gefin út eftir hann stök páskapredikun frá 1885. Allar þessar ræður eru fullar af von og hvatningu til framfara bæði fyrir þjóðina í heild og einstaklingana sem hana mynda. Þær voru þó fluttar á miklu harðindatímabili sem hafði hafist um miðja 19. öld og stóð fram yfir aldamótin 1900. Fyrri hluti þess, 1853–1892, var jafnvel kaldari en síðari hlutinn.<sup>12</sup> Leiddi þetta til skepnufellis og annarra

<sup>7</sup> „Síra Páll Sigurðsson“, *Nýtt kirkjublað* 10/1915, bls. 113–118, hér 115–116; Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1959, bls. 149–150.

<sup>8</sup> „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 115, 116, 117; „Kafilar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, *Óðinn* 3/1912, bls. 23–24. Um róttæka samfélagssýn P.S. sjá Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum: Um séra Matthías Jochumsson“, *Gliman: Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 213–222, hér 217.

<sup>9</sup> „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 115, 116, 117; „Kafilar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, bls. 23–24. Bréf Páls í *Óðni* sýna mat hans á menningarlegu ástandi þjóðarinnar, ekki síst í héruðunum umhverfis Gaulverjabæ. Framfarahugur hans í hagnýtum efnum kemur m.a. fram í bréfinu í því að hann vekur máls á að Vestmannaeyingar eignist gufubát til að efla verslun og aðrar samgöngur við fastalandið. Sjá og „Kafilar úr brjefum [svo] frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [2]“, *Óðinn* 4/1912, bls. 30–31. „Kafilar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [3]“, *Óðinn* 5/1912, bls. 39–40. „Kafilar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [4]“, *Óðinn* 6/1912, bls. 48.

<sup>10</sup> Sagan kom út að nýju 1955. Páll Sigurðsson, *Aðalsteinn: Saga æskumanns*, Reykjavík: Bókauktgáfan Fjöltnir, 1955.

<sup>11</sup> Guðmundur Danielsson, „Aðalsteinn náði lýðhylli“, *Vísir* 15. desember 1955, bls. 9; Matthías Viðar Sæmundsson, *Ást og útleög: Form og hugmyndafræði í íslenskri sagnagerð 1850–1920*, *Studia islandica* 44, ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson, Reykjavík: Bókauktgáfa Menningarssjóðs, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1986, bls. 71–74, 78, 80–81; „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis“, *Íslensk bókmenntasaga* 3, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 495–588, hér 551–554, 558 (Matthías Viðar Sæmundsson). Sjá og Þorleifur Hauksson, *Sagnalist: Íslensk stílfraði* 2, Skáldsögur 1850–1970, Reykjavík: Mál og menning, 2003, bls. 43. Athyglisvert er að bæði í *Aðalsteini* og víðar í skáldverkum sínum fjallaði P.S. um hjónaband og foreldraræði en það var málefni sem brann á mörgum um þetta leyti. Sjá Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsní“, bls. 105–119.

<sup>12</sup> Markús Á. Einarsson, *Vedurfar á Íslandi*, Reykjavík: Iðunn, 1976, bls. 63; Trausti Jónsson, *Vedur á Íslandi í 100 ár*, [s.l.]: Ísafold, 1993, bls. 221–222.

erfiðleika í landbúnaði þótt ekki kæmi til mannfellis af þeim sökum.<sup>13</sup> Áratugurinn 1880–1890 var þó síðasta fólksfækkunarskeiðið í Íslandssögunni. Við upphaf hans var íbúafjöldinn rúmlega 73.000 manns, sveiflaðist nokkuð en fór þó lækkandi og varð lægstur 1888 eða 70.146. Fólksflutningarnir til Vesturheims ollu þar mestu en þangað er áætlað að flust hafi um 6000 manns á þessum tíu árum. Þá geisluðu mislingar 1882 og er talið að 1600 manns hafi látist af völdum þeirra.<sup>14</sup> Það var einmitt í lok þessa áratugar, eða 1888, sem Matthías Jochumsson birti alræmt kvæði sitt „Volaða land“ í *Lögbergi* sem þá var nýstofnað vestur í Ameríku og var það prentað síðar sama ár í *Ísafold* undir fyrirsögninni „Niðkvæði um Ísland“.<sup>15</sup> Því má segja að vinirnir (sjá fyrri grein) hafi brugðist við harðindunum hvor á sinn hátt: Matthíasi hafi fallist hendur en Páll boðað framfarir og von af mikilli festu. Í lok áratugarins bjuggu tæp 14% landsmanna í þéttbýli með yfir 50 íbúa. Þorri þjóðarinnar lifði af landbúnaði og fiskveiðum, margir af báðum greinunum til skiptis og í mismunandi hlutföllum eftir árstíðum. Er áætlað að landbúnaður hafi staðið undir 60% af framfærslu þjóðarinnar, fiskveiðar undir 30% en (hand-)iðnaður og þjónusta undir aðeins 10%.<sup>16</sup> Þrátt fyrir að rúm 70% jarða í landinu væru í einkaeigu voru aðeins 20% þeirra í sjálfsábúð bænda.<sup>17</sup> Þorri þeirra var því leiguliðar eins og löngum hafði tíðkast. Þjóðfélag af þessu tagi þarfnaðist ekki umtalsverðrar almennrar menntunar utan lestrar og þeirrar kunnáttu í kristnum fræðum sem krafist var til fermingar. Um 1880 var þó tekið að krefjast skriftar og kunnáttu í grunnaðferðum reiknings. Fræðslan var veitt á heimilum undir eftirliti presta en farskólar voru samt reknir í sumum sveitum. Hið opinbera axlaði þó litla ábyrgð á þessu sviði.<sup>18</sup>

Af þessu stutta yfirliti má sjá að um það leyti sem Páll flutti þær predikanir sem hér er fjallað um var íslenska samfélagið enn fámennt og dreifbýlt kyrrstöðusamfélag og þjóðin stóð mjög höllum fæti í baráttu sinni við erfið lífskjör. Ýmislegt hafði þó þokast í framfaraátt. Útgáfu- og félagsstarfsemi hafði til dæmis aukist eftir því sem leið á öldina og sjálfstæðisbaráttan hafði borið þann ávöxt að þjóðinni var veitt eigin stjórnarskrá 1874 sem tryggði körlum takmarkaðan kosningarétt og öllum nokkur mannréttindi.<sup>19</sup> Þrátt fyrir bágar samfélagslegar aðstæður og hagræna erfiðleika gætti því vaxandi framfarahugar í menningarlegum efnum.<sup>20</sup> Víða í predikunum verður þess vart að Páll varð meðvitaður um þessar framfarir, mat þær mikils og kostaði kapps um að vinna þeim brautargengi meðal annars með predikunum sínum og öðrum ritstörfum.

<sup>13</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands* 10, ritstj. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 3–312, hér 37–40.

<sup>14</sup> *Hagskinna: Sögulegar hagföður um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 58; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, bls. 16.

<sup>15</sup> „Kvæði frá Íslandi“, *Lögberg* 18. júlí 1888, bls. 2; „Niðkvæði um Ísland“, *Ísafold* 29. ágúst 1888, bls. 159–160.

<sup>16</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, bls. 18.

<sup>17</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, bls. 37.

<sup>18</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, bls. 187–192.

<sup>19</sup> Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874, *forsaetisraduneyti.is*, sótt 5. apríl 2017 af [https://www.forsaetisraduneyti.is/media/stjornarskra/1874\\_stjornarskra.pdf](https://www.forsaetisraduneyti.is/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf).

<sup>20</sup> Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslands saga til okkar daga*, Reykjavík: Sögufélag, 1991, bls. 301–321.

## Predikun fyrir lífið

Um þær mundir sem predikanasafn Páls Sigurðssonar kom út var íslensk boðunarhefð gagnrýnd fyrir að samkvæmt henni hefði lengi verið lögð meiri rækt við að búa fólk undir dauðann en lífið hér og nú.<sup>21</sup> Það var aftur á móti snar þáttur í predikunarfræði Páls að hlutverk boðunarinnar væri hið gagnstæða, sem sé að fjalla um lífið í þessum heimi. Í stöku páskaræðunni frá 1885 sagði hann til að mynda:

Sannleikurinn er sá, að mennirnir eiga allt af að búa sig *undir lífið*. Ávallt og á hverjum degi eigum vér að hafa betri og betri viðbúnað *til að lifa*, því það er ákvörðunin; ávallt eigum vér að veita inngöngu meira og meira ljósi, ávallt opna sálir vorar betur og betur fyrir því, sem gott er og rétt, satt og fagurt; ávallt eigum vér að búa oss undir að lifa sem menn og hugsa ekki að deyja sem dýr, því síður að lifa þannig.<sup>22</sup>

Sami skilningur kom fram í *Helgidaga-predikununum*. Á 2. sd. e. þrettánda (1884) ítrekaði Páll að manningnum væri ekki aðeins ætlað að búa sig undir líf eftir dauðann heldur væri honum ætlað að lifa yfir höfuð vel meðan hann á annað borð lifði í þessum heimi og ætti að nota til þessa allar þær gjafir sem Guð gæfi honum.<sup>23</sup> Við þetta tækifæri sagði hann meðal annars:

[...] biflían er að kenna *fyrir lífið* [...] Hún veit, að maðurinn er ekki einungis andleg, heldur og líkamleg vera, og að honum er ekki einungis ætlað að lifa eftir dauðann, heldur og fyrir dauðann; honum er ætlað að lifa yfir höfuð vel og ánægjulega, á meðan hann lifir.<sup>24</sup>

Á sd. í miðföstu (sem er jafnframt 4. sd. í föstu 1885) var hann inni á sama efni og gagnrýndi þá enn hvernig kristnin hefði lengst af verið boðuð:

Hún hefir venjulega til allrar óhamingju verið boðuð mestmegnis sem bókræði, en ekki sem andi og líf. Kristindómurinn hefir þannig í vissu tilliti verið *aðgreindur* frá lífinu, svo að menn hafa ætlað vissar stundir til að gegna kristindómsins kröfum, og aftur aðrar stundir til að gegna lífsins kröfum [...] En þessi tvískifting lífsins er, það er eg sannfærður um, á stórum misskilningi byggð og miðar til þess helzt að draga kraft úr kristindóminu.<sup>25</sup>

Hér og á fjölda annara staða mælti Páll gegn hefðbundinni tvískiptingu tilverunnar og þar með þeirri tvíhyggju sem hefur verið rík í að minnsta kosti vestrænni guðfræði. Nú á dögum kemur hún hvað sterkast fram í aðgreiningu á opinberu rými og einstaklingsrými samfélagsins og takmörkun trúarinnar við það síðarnefnda. Í stað tvíhyggjunnar lagði Páll áherslu á að ekkert svið mannglegrar tilveru væru trúnni eða Guði óviðkomandi. Þetta kom til dæmis fram er hann sló því föstu í nýárs-predikun sinni (1886) að vissulega snerist bæn Faðirvorsins um komu Guðs ríkis ekki um tilkomu veraldlegs ríkis en:

[...] þó hlýt eg að segja, að það nálgast höfuðatriðið mjög og enda grípur inn í það. Af því að sambandið milli sálar og líkama mannsins er harla náð í voru núverandi ástandi, og *svo náð*, að vér erum ekki færir um að greina takmörkin, — af því að þessu er svona varið, þá veitir mér ætíð örðugt, að þræða merkjalínuna milli andlegs og líkamlegs gagns, *þar sem* þessir gagnsmunir mætast.<sup>26</sup>

Hér má sjá, að eins og Páli var andstætt að líta á trúna og boðun hennar sem undirbúning undir dauðann eða eilífðina, var honum ekki síður óeiginlegt að greina milli

<sup>21</sup> Sjá t.d. „Málfræsi presta og afskipti þeirra af félagsmálum. II“, *Nýtt kirkjublað* 7/1912, bls. 81–82.

<sup>22</sup> Páll Sigurðsson, *Páskaræða eftir síra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (1885)*, Reykjavík: [s.n.], 1888, bls. 15.

<sup>23</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1894, bls. 58.

<sup>24</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 58, sjá og 155, 177.

<sup>25</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 120.

<sup>26</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 35.

andlegs og veraldlegs sviðs lífsins eða líkamlegs og andlegs veruþáttar mannsins. Í kontextúal guðfræði er einmitt ekki gengið út frá slíkri tvískiptingu.<sup>27</sup> Hér er því á ferðinni mikilvægt stef sem tengir Pál við þá guðfræðihefð.

Á sunnudaginn í miðföstu (4. sd. í föstu 1885) fjallaði Páll svo um „forsjónarkenningu kristindómsins“. Þá brást hann meðal annars við því harðæri sem ríkti það vorið líkt og nokkur undangengin ár. Við það tækifæri ræddi hann þá ágengu spurningu hvernig umhyggja þess Guðs sem telur öll höfuðhár mannsins kæmi fram við slíkar aðstæður. Komst hann að þeirri niðurstöðu að maðurinn hefði bæði þarfir „[...]“ sem við koma anda hans og ákvörðun, og aðrar, sem snerta líkamlegt líf hans.<sup>28</sup> Hinar fyrri kallaði Páll „mannlegar“ en hinar „dýrlegar“.<sup>29</sup> Hér nálgadist hann að vísu klassíska tvíhyggju. Mikilvægt er þó að hinar „dýrlegu“ þarfir voru, að hans mati, aðeins tæki til að fullnægja hinum „mannlegu“ þörfum sem voru forsenda fyrir öllu sönnu mannlífi. Hér gekk hann því út frá eins konar þarfapíramíða fremur en tvíhyggju. Ekki ber því að líta svo á að hið „mannlega“ og „dýrlega“ hjá manningum feli að skilningi Páls í sér eðlislægar andstæður eða aðskilda veruþætti mannsins. Þvert á móti væri um tvö þroskastig að ræða:

Höfuðmið forsjónarinnar er, að manna upp þessa skynsemigæddu skepnu á jörðunni; hún vill koma *manninum* fram; hún vill og setur sér fyrir að fóstura upp, ekki dýrið, heldur manninn í oss. Hún vill með öllu móti stilla svo til, að *dýrið í oss* kefjist og hverfi smám saman og að jafnframt *maðurinn í oss* komi æ betur fram og í ljósmál. Það er með öðrum orðum: að höfuðmark og mið forsjónarinnar er að láta *menn* koma fram hér á jörðunni, *menn í eiginlegum skilningi*, gædda vitsmunum, kærleika, krafti, sjálfsafneitun, hugrekki, vizku, þolinmæði, staðfestu, gædda sannleiksást og frelsisást og löngun til alls þess, sem er sannarlega gott og fagurt.<sup>30</sup>

Hér hélt Páll ekki fram þeirri hefðbundnu skoðun að mark og mið mannglegrar tilveru fælist í hinu handanlæga og/eða öðru lífi. Þvert á móti áleit hann það felast í fullkomnun hinna mannlegu, tímanlegu eða félagslegu eiginleika mannsins sem ætlað var að skapa sér betri tilveru í þessum heimi með fulltingi Guðs. Til þessarar forfrömunar kvað Páll forsjónina nota bæði blítt og strítt og spurði hvort það væri að undra að hún sendi harðæri til að vekja þjóðirnar þegar þær sýndu ekki dug til að nota góðæri sér til framfara.<sup>31</sup> Þá benti hann á að harðæri væru ekki aðeins náttúruleg fyrirbæri sem ekkert yrði við ráðið. Því síður væru þau send af Guði á duttlunga-fullan hátt. Þvert á móti kvað hann árferði velta að verulegu leyti á félagslegum þáttum svo sem menningarstigi og stjórnarháttum:

Leynardómurinn er sá, að þetta [hallæri og manndauði — innsk. HH] er ekki komið undir skynlausu skepnunum eða dauðu hlutunum, jafnvel ekki undir mismunandi frjósemi landa, [...], heldur er það komið mestmegnis og nálega eingöngu undir misjöfnu menntunarstigi þjóða og undir misjöfnum vísdomi landstjórnenda, í stuttu máli: undir mönnunum með kunnáttu þeirra, framsýni og atorku, en ekki undir löndunum nema að eins í þeim skilningin, að þau eru mis örlát að leggja auðæfi sín fram.<sup>32</sup>

Hér notaði Páll því dapurt árferði til að hvetja söfnuði sína til framfara á öllum sviðum. Ekki síst þess vegna verðskuldar hann að kallast boðberi vonar.

<sup>27</sup> Jens Holger Schørring, „1800 til í dag“, bls. 676.

<sup>28</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 115.

<sup>29</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 115.

<sup>30</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 115.

<sup>31</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 116.

<sup>32</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 116–117.

Á 19. sd. e. þrenningarhátíð (1882) fjallaði Páll enn um framfarir undir yfirskriftinni: „Skilyrði fyrir farsæld og frelsi“ en sumarið hafði verið erfitt hvað veður- og sóttarfar áhræði.<sup>33</sup> Um það sagði hann:

Eg vil taka það fram, að þetta harðæri, sem gengur yfir landið, *sýnir tvennt*, sem hvortteggja er athugavert. Fyrst sýnir það, að vér erum að ýmsu leyti *betur á vegi staddir* nú, en forfeðurnir voru á fyrri öldum, þegar fólk dó úr hungri nálega hvenær sem árferði hallaði. Að þessu leyti er þá sönnun komin fyrir því, að þjóð vor er að endurlifna til nýs lífs og hefur náð þeirri framför í ýmsu, sem fyrri aldirnar höfðu ekki af að segja. [...] Það getur ekki dulizt, að andlegir kraftar eru farnir að hreifa sig í þjóðarlíkamanum, kraftar, sem miða til að halda honum uppi og verja hann áföllum og óföllum fyrri tímanna. [...] Hitt, sem það sýnir jafnglöglega er það, að þótt framförin sé óneitanlega nokkur, þá er hún enn sem komið er, *hvergi nærri til hlítar* eða viðunandi. Sá hnekkir, sem vér höfum beðið, sýnir, að vér vorum eigi vel við búnir. Vér verðum að hafa hugfasta köllun mannsins hér í heimi og hún er sú, að verða æ betur *berra hinnar skynlausu náttúru*.<sup>34</sup>

Hér gekk Páll að sönnu út frá þeirri hefðbundnu skoðun að maðurinn væri kóróna sköpunarverksins og honum bæri skylda til að gera sér jörðina undirgefna. Þetta brýtur vissulega í bága við grundvallarskilning kontextúal guðfræði nú á dögum. Í því sambandi ber á það að líta að auðlindanýting var með allt öðrum hætti í tíð Páls en gerist nú á dögum og þekking manna á sjálfbærni og gildi hennar ekki til staðar í sama mæli og nú er. Þó má ætla að búskaparhættir í hefðbundnu bændasamfélagi hafi leitað nokkurs jafnvægis við náttúruna.<sup>35</sup>

Að mati Páls fléttaðist tímanleg og eilíf velferð mannsins saman eins og höfnun hans á tvíhyggjunni milli hins andlega og líkamlega gaf til kynna. Af þeim sökum hvatti hann til virks trúartrausts. Um leið og maðurinn átti að vinna að veraldlegum framförum sínum átti hann að setja von sína og traust á að framtíð hans fæli í sér farsæld sem þó yrði dýru verði keypt:

Um fram allt ríður oss á, að hafa þá trú og óbifanlega sannfæring, að vér séum til *farsældar skapaðir* bæði þessa heims og annars. Mark og mið baráttu vorrar er farsæld; en hitt er auðvitað, að hlíðið, sem til farsældar leiðir, verður að vera þröngt.<sup>36</sup>

Í þessum orðum gætir enn kröftugs boðskapar um von í miðjum harðindakafla sem og sterkrar áherslu á samþættingu tímanlegra og eilífra þarfa.

Páll Sigurðsson leit svo á að hlutverk guðfræðinnar væri ekki síður að fjalla um ytra, efnislegt og/eða veraldlegt ástand mannsins en hið andlega ástand hans. Það eitt nægir þó ekki til að slá því föstu að guðfræði hans hafi verið kontextúal. Til þess þarf líka virka hvatningu til aðgerða, umbóta og framfara. Sú áhersla kom líka greinilega fram í boðun Páls enda leit hann svo á að kirkjan ætti að berjast gegn andlegri og líkamlegri undirokun.

Á 1. sd. í níuviknafostu (1885) ræddi hann um köllun mannsins út frá guðspjallinu um verkamennina í víngarðinum.<sup>37</sup> Í upphafi fjallaði hann þó um athafnarými mannsins út frá andstaðunum „forlögum“ og „frívilja“ sem hann kvað mörgum ofarlega í huga á þessu méli. Sjálfur taldi Páll alla forlagatru þó vera ósamrýmanlega

<sup>33</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 270.

<sup>34</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 271.

<sup>35</sup> Þess skal þó getið að óviða hefur rask, þar á meðal gróðureyðing í kjölfar búsetu manna, orðið meira en hér á landi. Munar þar miklu um ofbeiti fyrir á tíð. Snorri Baldursson, *Lífriki Íslands: Vistkerfi lands og sjávar*, Reykjavík: Bókaútgáfan Opna og Forlagið, 2014, bls. 355.

<sup>36</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 272.

<sup>37</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 77.

kristninni og vildi fremur að rætt væri um „forsjón og frjálsræði“.<sup>38</sup> Köllun mannsins fólst að mati hans í að taka framförum hvort sem einstaklingar eða heil samfélög ættu í hlut. Stöðnun var aftur í móti ódygð í hans huga:

Slíkt hefir, eins og kunnugt er, á dagana drifið fyrir vorri þjóð, sem fyrir margvíslega undirokun og eymd hefir verið iðjulaus í þessum skilningi í mörg hundruð ára, og sem einmitt nýlega, og einkanlega á þessari öld, hefir fengið sterka köllun frá guði um að vakna til að taka sér fram.<sup>39</sup>

Hið sérstaklega köllunarhlutverk Íslendinga kvað hann vera „[...] að yrkja og rækta sem bezt þennan hólma í hafinu [...]“ og berjast gegn eldi og ísum, harðindum og einokun, mannfæð, örbirgð og ófrelsi, fáfræði, deyfð, ósamheldni og úrræðaleysi en þetta taldi hann vera „landsins eiginlegu óvættir“.<sup>40</sup> Það var með öðrum orðum bjargföst sannfæring Páls að maðurinn væri skapaður til óendanlegra framfara.<sup>41</sup> Því væri öll deyfð ófyrirgefanleg í hverju sem hún væri fólgin eða eins og hann kenndi í aðfararæðu sinni á 5. sd. e. þrenningarhátíð 1880:

Af þessum orsökum kemur, að deyfð og framfaraleysi er ófyrirgefanlegt; það er jafn ónáttúrulegt og það er syndsamlegt, jafn óbærilegt og það er sárgrætilegt. Þess vegna er nú mikið undir einu komið, og það er, að samvizka vor, það er að skilja, vor þjóðlega og félagslega samvizka vakni. Vér þurfum að fara að vakna upp við vonda samvizku. Athugið, að vond samvizka er ekki vondur hlutur; nei, það er guðleg rödd, er kallar innan að úr sjálfum helgidómi náttúru vorrar og býður oss að sjá að oss.<sup>42</sup>

Tilvitnunin sýnir vel hve samfélagsleg kristindómstúlkun Páls var er hann höfðaði ekki síður til þjóðlegrar og félagslegrar samvisku en einstaklingsbundinnar og siðrænnar. Í predikunum sínum fjallaði hann líka oft um afmarkaðar, vel skilgreindar skyldur sem öllum bæri að axla og vinna með því gegn deyfð og framfaraleysi. Þær voru ekki hvað síst félagslegs eðlis og miðuðu í senn að framför einstaklinganna og samfélagsheildarinnar. Á fyrsta sd. eftir þrettánda (1887) var umfjöllunarefnið til að mynda „Kristlegt barnaupveldi“.<sup>43</sup> Páll gerði þar grein fyrir mikilvægi þess að börn væru ekki aðeins alin upp til hlýðni heldur einnig til frelsis. Var þetta nýstárleg uppeldisfræði á þessum tíma en var þó í takt við gagnrýni ýmissa róttækra raunsæis-höfunda á feðra- og/eða foreldraveldi sem þeir töldu að hefði mátt sín allt of mikils meðal þjóðarinnar til dæmis við stofnun hjúskapar. Slík gagnrýni kom einnig fram í skáldverkum Páls.<sup>44</sup>

Páll leit svo á að í uppeldinu ættu foreldrar að keppa að því að börnin yrðu fullveðja en ekki „gömul“ og stöðnuð fyrir tímann. Foreldrar og húsbændur áttu að „[...] leggja stund á að glæða lífsfjör hinna ungu, svo að heldur aukist en minnki með aldrinum; þeir eiga að vernda *sálarfjör* æskunnar sem einn *mesta og bezta dýrgrip* í landinu.“<sup>45</sup> Í þessu sambandi andmælti hann þeim kröfum um alvörugefni sem

<sup>38</sup> Í sambandi við forlög benti P.S. á að Guð kristinnar væri ekki blindur eins og forlagatrúin fæli í sér. Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 78–79.

<sup>39</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 81.

<sup>40</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 87, sjá og 28.

<sup>41</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 186.

<sup>42</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 186.

<sup>43</sup> P.S. fjallaði einnig um uppeldismál á nýársdag (1886) og 1. sd. e. þrenn. (1882). Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 45, 172–173. Síðarnefnda predikunin er yngsta ræðan í safninu en Páll dó í júlí um sumarið. Um svipað efni sjá og pred. á 2. sd. í föstu (1884) sem fjallaði um móðurskyldurnar og um heimilislífið á 20. sd. e. þrenningarhátíð (1881). Sama heimild, bls. 96–108, 277–287. Víðar fjallaði P.S. um samfélagsleg eða félagslega siðfræðileg efni. Á pálmásd. (1882) ræddi hann t.d. um valdastéttirnar. Sama heimild, bls. 125.

<sup>44</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 54–56. Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsni“, bls. 118–119.

<sup>45</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 54.



píetisminn hafði haldið á lofti nokkrum mannsöldrum áður en fulltrúa þeirrar stefnu taldi hann hafa útmálað kristnina sem trú hryggðar og hræðslu.<sup>46</sup> Þar beindi hann spjótum sínum ekki síst að Jóni Jónssyni lærða (1759–1846) í Möðrufelli sem var helsti fulltrúi píetisma og púrítanisma hér á landi og hóf útgáfu „evangelískra“ smárita í þeim anda 1817.<sup>47</sup>

Í næstu ræðu, sem tilheyrði 2. sd e. þrettánda (1884), fjallaði hann svo um „nautn lífsins glöðværða“ og gildi gleðinnar og sagði þá meðal annars:<sup>48</sup>

Ef menn [...] vilja vita, hvers vegna gleðin, hin sanna gleði, er svo þýðingarmikil, sem eg hér hefi sagt, þá skal eg ekki dylja fyrir yður, að hún færir manninn í innilegra samband við skaparann, hún færir manninn nær guði. Gleðin vermir manninn allan og glæðir allt það, sem hann hefir gott til að bera, víkkar rúm hjartans, nærir kærleikann, glæðir tilfinningarnar og lyftir andanum upp á lofgjörðarinnar vængjum. Segi menn þá, ef þeir geta, að gleðin sé árangurslaus og að ekki heyrí guðs ríki til að efla hana.<sup>49</sup>

Athyglisvert er að þessa lofgjörð um gleðina flutti Páll þegar miklar hörmungar steðjuðu að hinu „volaða landi“ og þeim sem þar bjuggu.

### Vonarrík framtíð — Guðs ríki

Prestskaparár Páls Sigurðssonar í Gaulverjabæ voru, eins og fram er komið, erfiður tími í þjóðarsögunni. Því vekur athygli að í ræðunum sem síðar birtust í postillu hans fjallaði hann iðulega um framtíðina, vonina og Guðs ríkið, auk þeirra margháttuðu framfara sem hann hvatti áheyrendur sína til að vinna að. Þá er mikilvægt að hann boðaði ekki handanlega von. Þvert á móti fólst vonin í framförum á líðandi stundu. Um þetta efni sagði hann í predikun á 1. sd. e. þrenningarhátíð (1882) er hann fjallaði um þemað: „Að gleyma því, sem bak við er, en seilast eftir því, sem fyrir framan er“:<sup>50</sup>

Höfuðeinkenni kristindómsins er nefnilega það, að hann fremur en nokkur annar hlutur beinir athygli mannsins og áhuga að — *framtíðinni*. Hann bendir svo fram til hins ókomna, vísar á ófarnar leiðir og sýnir óhöndlað hnoss, í stuttu máli: leiðir fyrir sjónir heila veröld ófenginna gæða.<sup>51</sup>

Á sama hátt réðst Páll gegn þeirri klassísku afstöðu að heimurinn færi versnandi samfara vonleysi yfir ungu kynslóðinni. Þetta gerði hann meðal annars í nýárs-predikun sinni (1886). Taldi hann slíka afstöðu vera „náhljóð frá hinum andlega dauðu.“<sup>52</sup> Til samræmis við þetta áleit Páll að hið andlega Guðs ríki hafi vissulega þegar opinberast en þó sé það að mestu hulið. Vildi hann leitast við að opinbera söfnuðinum eitthvað af þeim „höfuðdyrgripum“ þess sem ættu enn eftir að koma í ljós. Þar átti hann við sannleikann, frelsið, réttlætið og kærleikann:

<sup>46</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 54–56.

<sup>47</sup> Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012, bls. 206, 211–212.

<sup>48</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 57.

<sup>49</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 62–63. Í þessari predikun fjallaði P.S. líka um siðferðilega hlið skemmtana og vinnautnar.

<sup>50</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 164. Sjá Fil 3.13.

<sup>51</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 165.

<sup>52</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 36. Hér var P.S. inni á svipaðri hugsun og þegar hann boðaði að gullöld kirkjunnar fælist í framtíðinni en ekki fortíðinni (sjá framfar).

Þessi hin óumræðilegu gæði, sem eg hefi hér upp talið og lýst fyrir yður af veikum mætti — og þó látið margt ótalið — þessi gæði eru það, sem vér biðjum um í bæninni: til komi þitt ríki. Þetta er það, sem kallast guðsríki, og annað en þetta á ekki skilið að bera það nafn. Kristindómurinn er, eins og þér vitið, kallaður fagnaðarerindi; en eg skil ekki, að fullt fagnaðarerindi geti verið annað en þetta. [...] Allt byggi eg á framfaralögum, sem enginn mun geta neitað, að mannkyninu sé sett.<sup>53</sup>

Páll viðurkenndi að fullkornun mannkyns ætti „[...]virkilega langt í land“.<sup>54</sup> Stefnumskrá hans, eins og hann kynnti hana í aðfararæðu sinni (5. sd. e. þrenningarhátíð 1880), fólst samt í að boða nálægð Guðs ríkis sem „[...] frá upphafi veraldar hafi [...] verið að nálægjast meir og meir.“<sup>55</sup> Þetta taldi hann vera sístætt stef þrátt fyrir að það hefði fengið sértæka merkingu er Jóhannes skírari hóf að boða komu Krists. Þá leit hann svo á að kristindómurinn væri hin eina algilda opinberun Guðs ríkis.<sup>56</sup>

Guðríkisboðskapur Páls var á næsta félagslegum nótum og fól í sér allhliða framfarir mannsins:

Og þar sem eg boða yður, að guðs ríki sé nálægt, þá boða eg yður frelsi fyrst og fremst, bæði andlegt og líkamlegt. Eg segi yður, að guð vor himneskur faðir hefir hræzt miskunnar yfir landi þessu og þjóð og hefir gefið oss til vitundar, að hann vill ekkert fremur, en frelsi vort og framför og vellíðan til sálar og líkama. Eg lýsi því yfir, að eg ber sjálfur óbifanlegt traust til þeirra krafta, sem liggja fölgur í sannleik og mannelsku, og er sannfærður um, að mannleg náttúra, hve nær sem hún endurleysist af áþján og undirokun, hleypidómum og heimsku, þá mun hún vissulega aðhyllast og elska frelsara sinn og þjóna honum í anda og sannleika. Því hvað sem sagt hefir verið og segja má um mannlega náttúru, þá er hún og verður sköpuð í guðs mynd, [...] <sup>57</sup>

Í fyrri hluta tilvitnunarinnar má sjá greinileg merki kontextúal guðfræði þar sem Páll boðar komu Guðs ríkis er hafa mundi í för með sér bæði andlegt og líkamlegt frelsi. Þá koma einkenni hennar einnig fram í að Páll tengir saman frelsi, framför og vellíðan þjóðarinnar er byggist á því að Guð líti til hennar í miskunn. Fá þessi orð dýpkæða merkingu þegar þess er minnst á hversu miklum harðindatímum predikunin var flutt. Í síðari hlutanum kemur jákvæður mannskilningur Páls einnig glöggt í ljós en hans má sjá merki víðar í predikuninum.<sup>58</sup>

<sup>53</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 44.

<sup>54</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 44.

<sup>55</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 183. Þá stefnu sína að boða Guðs ríkið ítrekaði Páll svo tæpum tveimur árum síðar eða á 1. sd. e. þrettánda 1882: „Þegar eg, [...] prédikaði í fyrsta sinn á þessum stað nú fyrir tveim árum, þá lýsti eg yfir, hverri höfðukenningu eg mundi fram fylgja hjá yður, þeirri sem sé, að guðsríki er í nánd, og með því að hefja kenninguna þannig, vildi eg þegar beina athygli safnaðarins og áhuga að framtíðinni, ekki einungis hinni fjarlægari framtíð, sem vér eigum fyrir höndum annars heims, heldur vorri nánustu framtíð í þessu lífi.“ Sama heimild, bls. 171. P.S. fjallaði víðar um Guðs ríkið og komu þess. Á nýársdag (1886) var predikunarefnið: „Til komi þitt ríki“. Sama heimild, bls. 32. P.S. benti þar á að maðurinn væri borgari í tveimur ríkjum. Þar af væri annað sýnilegt, veraldlegt og líkamlegt. Sama heimild, bls. 34. Hann taldi að þrátt fyrir að tilvitnuð bæn Faðirvorsins vísaði ekki til þessa ríkis gæti það þó haft tilgang og merkingu: „Til þess að hafa fullt gagn bæði af jurtaríki og dýraríki jarðarinnar, þarf maðurinn vissulega að þekkja hvorttveggja, og reynslan vill einatt sýna, að því meira sem þekking hans vex, því fyllra og fjölbreyttara gagn hefir hann af öllum gáfum guðs, því meiri elsku fær hann til þeirra og því meira þakklæti geldur hann fyrir þær. Er þá ekki rétt að biðja einnig í þessu tilliti: til komi þitt ríki, það er, gef þú mér góði faðir, tækifæri til að öðlast æ betri þekking á þínu ríki, æ betri þekking á þeim hlutum, sem þú hefir skapað mér til gagns og gleði hér á jörð, og gef mér að elska og virða þá ráðstöfun, sem lokar fyrir mér flestum gæðum, á meðan eg er hugsunarlíttill, óviti, en opnar mér aftur öll forðabúr og fjársjóði náttúrunnar, jafnótt og eg legg mig fram til að leita þeirra og þekkja þá.“ Sama heimild, bls. 35. Í framhaldinu benti P.S. svo á algildari „höfuðdýrgrip“ sem maðurinn þyrfti og að vakna til vitundar um og „[...] geymdir eru ósédur enn að miklu leyti í guðs ríkis háu höll.“ Sama heimild, bls. 39. Átti hann þar við sannleikann, frelsið, réttlætið og kærleikann. Sama heimild, bls. 39–45. Á 2. sd. e. þrettánda (1884) fjallaði hann um „nautu lífsins gæða“ og ræddi þá um gildi gleðinnar og gerði sér m.a. far um að sýna söfnuðinum að það heyrði Guðs ríki til að efla hana. Sama heimild, bls. 57, 62–63.

<sup>56</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 184.

<sup>57</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 185.

<sup>58</sup> Sjá Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 113, 180, 186, 205, 209, 210, 251.

Páll var þó ekki óraunsær á samtíð sína. Síðar í aðfararæðunni gagnrýndi hann þannig söfnuð sinn og þjóð fyrir að vera „[...] að kalla má framfaraust fólk [...]“ er staði jafnvel skör lægra en forfedurnir.<sup>59</sup> Framfarirnar sem hann átti við voru hér eins og annars staðar bæði veraldlegar og andlegar enda taldi Páll, eins og fram er komið, rangt að greina skýrt þar á milli.<sup>60</sup>

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt er ekki að undra að Páll taldi þungamiðju kristindómsins felast í að hann frelsaði manninn frá allri ánaud til líkama, sálar og anda með því, að vekja og glæða alla þá krafta sem maðurinn byggir yfir.<sup>61</sup> Það væri líka markmið mannglegrar tilveru að maðurinn væri frjáls. Í fyrstu ræðunni í bókinni, sem var, eins og lög gerðu ráð, fyrir tengd 1. sd. í aðventu (1884), lýsti Páll þannig yfir að vissulega mætti efast um margt í „þeim fræðum, er kölluð eru kristindómur“.<sup>62</sup> Á hinn bóginn bæri að

[...] krefja af hverjum manni, að hann *trúi á ákvörðun mannsins*, trú á opinberun guðsríkis og réttlætis, trú á það, að þeir tímar muni koma fyrr eða síðar, að menn læri að tilbiðja föðurinn í anda og sannleika.<sup>63</sup>

Þá var það enn ríkt stef í predikunum Páls Sigurðssonar að kristindómurinn væri raunverulegt og virkt framfarafl í samfélaginu enda kom það oft fyrir í ræðum hans.<sup>64</sup> Hann lýsti því til dæmis yfir í ræðu á 2. sd. í níuviknaføstu (1885) að kristindómurinn væri ekki trú „[...] kveifarskapar og aðgjörðarleysis, heldur kraftarins, fjörsins og framkvæmdanna.“<sup>65</sup> Svipuð hugsun er líka burðarás í kontextúal guðfræði sem koma vill til leiðar margs konar framförum í mannlegu félagi. Páll viðurkenndi þó að framfarirnar sem af kristninni hefðu hlotist væru minni en efni hefðu staðið til. Ástæðu þess taldi hann einkum vera að finna í því hvernig trúin hefði verið boðuð. Þess skal þó getið að þrátt fyrir það hraðari sem gekk yfir þjóðina á ofanverðri 19. öld og svo víða er vikið að í predikunum Páls var öldin einnig framfaraskeið í sögu þjóðarinnar og þeir voru margir sem, líkt og hann, börðust fyrir framþróun. Það sem athygli vekur hér er þó hversu guðfræðilega Páll undirbyggir framfarahyggju sína.

Sökum þess hve öflugt stef vonarrík framtíð var í predikun Páls Sigurðssonar, hve mjög hann vænti komu Guðs ríkis sem félagslegs veruleika og hve ríkur sá skilningur hans var að kristindómurinn væri raunverulegt framfara- og breytingafl í mannlegu félagi fer vart á milli mála að guðfræði hans má skoða sem grein á meiddi kontextúal guðfræði.

## Endurlausnarskilningur

Það sem eftir lifir greinar verður fjallað um útleggingu Páls Sigurðssonar á tveimur kristnum höfuðlærdómum til að varpa ljósi á inntak þeirrar trúfræði sem fram

<sup>59</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 185. „Kaflar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, bls. 23–24.

<sup>60</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 186.

<sup>61</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 187.

<sup>62</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 8.

<sup>63</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 8.

<sup>64</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 27, 90–91, 93, 119–122, 165, 167, 276–277.

<sup>65</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 94.

kemur í predikunum hans. Er þar átt við endurlausnarkenninguna sem fjallað verður um í þessum kafla og upprisuboðskapinn í þeim næsta.

Í jólapredikuninni (1885) boðaði Páll hið klassíska fagnaðarerindi jólanna um fæðingu frelsarans.<sup>66</sup> Þar lét hann þessi orð falla:

Eg prédika þess vegna frelsi fyrir öllum mönnum, illum og góðum, bæði innra og ytra, bæði andlegt og líkamlegt frelsi, og segi afdráttarlaust, að þar er einn hlutur *naðsynlegur til sálhjálp*, og eg fer ekki að því, þótt þú sé að ófrægja nafnið [þ.e. frelsið — innsk. HH] meðal mannanna og velta því ofan í saur veraldarinnar. Og sízt ætti eg að þegja um það á þeim hátíðisdegi, þá mér er sérstaklega boðið að birta fyrir meðbræðrum mínum: „Í dag er yður *frelsari* fæddur.“<sup>67</sup>

Með því að flétta þannig saman andlegt og líkamlegt frelsi með órjúfandi hætti er Páll trúr þeirri kontextúal guðfræði sem hér er talin koma fram í ræðum hans.

Jólapredikunin fjallaði þó ekki um frelsarann, endurlausnarverk hans og áhrif þess meðal manna. Um hana sagði Páll aðeins á þessum stað: „Annars vildi eg óska, að mér gæfist einhverntíma tækifæri til, að tala ítarlega og sérstaklega um frelsisgjöf mannsins, um eðli, yfirgrip og ákvörðun þessarar himnesku gjafar; [...]“<sup>68</sup> Honum lá hins vegar annað og meira á hjarta þessi jól en þema predikunarinnar var: „Mismunandi gildi trúarbragða; eðli og tilgangur kristindómsins“.<sup>69</sup>

Endurlausnarkenningu Páls má aftur á móti finna í predikuninni fyrir pálmá-sunnudag (1882) en þar sagði hann meðal annars svo:

Það verður aldrei um of brýnt fyrir mönnum, að endurlausn þeirra fer ekki fram á ytra hátt, og verður hvorki fólgin í því, að þeir verði fluttir úr einum stað í annan í alheiminum né í hinu, að þeim bætist nokkur yfirnáttúleg, himnesk gáfa, er færi þeim frið og sælu án tillits til hugarfars og hjartalags þeirra; nei, endurlausn þeirra verður látin koma að innan, eins og viðrétting jurtaílfisins á vorin; hún verður fólgin í endurlífgun sálarinnar, verður einmitt fólgin í glæðing guðsmyndarinnar, glæðing allra þeirra himnesku krafta, er sál mannsins er gædd frá hendi skaparans.<sup>70</sup>

„Glæðing guðsmyndarinnar“ fól í sér endurnýjað samband við skaparann eða endurlausn frammi fyrir Guði (*coram Deo*) líkt og raun er á samkvæmt hefðbundnum guðfræðilegum skilningi. Endurlausnin fól þó jafnframt í sér glæðingu manneðlisins eða endurnýjun mannsins sem samfélagsveru (*coram hominibus*) eins og víða kom fram í predikunum Páls. Annars var endurlausn og endurnýjun mannsins ekki undir Guði einum komin heldur kallaði Páll manninn einnig til ábyrgðar á þessu sviði:

Það er með öðrum orðum: eins og sólin hefir að eins tvær verkanir á jörðunni, að uppljóma og verma, eins eru meginverkanir Krists í ríki hans bundnar við það tvennt, að upplýsa skynsemina um leið og hann vermir hjörtun; en að öðru leyti er stefna hans sú, að láta mennina sjálfráða, svo að vöxtur og framför þeirra geti komið að innan og verið frjálsræðisverk sjálfra þeirra, af því að sú endurlausn ein er í samhljóðun við manneðli þeirra.<sup>71</sup>

Af báðum þessum tilvitnunum má sjá að Páll aðhylltist þá skoðun að endurlausnin fælist í sálrænu ferli sem endurreisti og endurnýjaði guðsmynd mannsins (*imago Dei*). Því virðist ljóst að hann hafi aðhyllt það sem nefnt hefur verið huglæg eða „súbjektíf“ endurlausnarkenning.<sup>72</sup> Þá er ljóst að Páll leit ekki svo á að verk Krists fæli í

<sup>66</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 29.

<sup>67</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 29.

<sup>68</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 29.

<sup>69</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 22.

<sup>70</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 129.

<sup>71</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 131.

<sup>72</sup> Gustaf Aulén, *Christus Victor: An Historical Study of the Three Main Types of the Idea of the Atonement*, London: SPCK, 1970, bls. 1–7, 133–135.

sér sjálfkrafa hvörf eða breytingu með manningum. Endurlausnin var öðrum þræði „frjálsræðisverk“.

Á 13. sd. e. þrenningarhátíð (1882) fjallaði Páll enn um endurlausnina sem var nú aðalefni ræðunnar.<sup>73</sup> Þar glímdi hann við hugtakið frelsari og útlístaði margvíslegar merkingar þess. Benti hann til að mynda á að líta mætti á lækna sem líkamlega frelsara. Þá kvað hann spekinga og réttláta konunga hafa komið fram sem frelsara bæði fyrir og eftir daga Krists.<sup>74</sup> Loks leit hann á spámenn sem gagnrýndu spillingu þjóðanna og ávittu þær fyrir óstýrilæti, óhóf, óréttvísi og tómlæti sem frelsara, sem og þá er gengu í einurð gegn löstum og yfirtroðslu, hver sem í hlut átti, og bentu mönnum þess í stað á boðorð samviskunnar.<sup>75</sup> Í þessu efni virðist mega líta svo á að skilningur Páls á endurlausninni hafi að verulegu leyti verið félagslegur og þar með í ætt við kontextúal guðfræði. Endurlausnarfærði Páls náði þó jafnframt yfir andlegri eða trúarlegri þætti líkt og raun er á í hefðbundnari guðfræði:

Sá aftur á mót, er frelsar andann frá undirokun, sem annaðhvort leysir skynsemina undan ánaud vanþekkingarinnar eða samvickuna af þrældómi syndarinnar eða hjartað frá kulda kærleiksleysisins, — sá sem eitthvað gjörir af þessu, hann er frelsari í andlegum skilningi.<sup>76</sup>

En í þessu taldi hann einmitt endurlausnarhlutverk Krists felast.<sup>77</sup> Hér má aftur sjá merki hinnar „súbjektífu“ endurlausnarkenningar þar sem Kristur er sagður koma af stað breytingaferli hið innra með manningum. Þessi útlistun endurlausnarverksins tengist einnig því mikilvæga hlutverki sem Páll eignaði skynseminni og samviskunni sem frumforsendum guðfræðilegrar þekkingar (sjá fyrri grein). Kristur endurleysti manninginn með því að upplýsa skynsemi hans og samvisku, þ.e. setja honum hátt siðferðilegt viðmið.<sup>78</sup> Þriðji „höfuðkrafturinn í sálunni“ sem endurlausn Krists tók til var svo „kraftur elskunnar“.<sup>79</sup> Þar með var þó ekki öll sagan sögð:

En verk Krists er þó ekki búið með þessu. Hann kom ekki einungis til að frelsa krafta skynseminnar, samvickunnar og elskunnar, heldur býr enn meira undir hingað komu hans; hann kom til að frelsa andann undan þrældómi heimsþjónustunnar, undan yfirdrottun skapaðra hluta, og hefja hann upp til umgengni og sameiningar við skaparann.<sup>80</sup>

Og ennfremur:

Endurlausn Krists hefur það eitt fyrir höfuðmark og mið, að frelsa manninginn frá yfirdrottun skepnunnar og halda honum í nánd við skaparann: það er með öðrum orðum: kristindómurinn vekur og glæðir elsku guðs. Þannig snertir hann einmitt hina dýpstu og helgustu strengi mannlegrar náttúru, er hann vekur löngun vora til umgengni við hinn óendanlega, er hann kallar oss burt frá erviði og áhyggjum vorum, til að varpa þeim upp á hinn ósýnilega og leita sálunum hvíldar og hressingar í sameiningu við hann.<sup>81</sup>

Hér má enn greina áhrif „súbjektífu“ hjálpræðiskenningarinnar. Þá boðaði Páll og að endurlausnarverk Krists veitti manningum von sem næði út yfir gróf og dauða:

<sup>73</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 240.

<sup>74</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 243.

<sup>75</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 243.

<sup>76</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 242.

<sup>77</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 245, sjá og 245–246, 243.

<sup>78</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 246.

<sup>79</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 246, sjá og 249.

<sup>80</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 247.

<sup>81</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 247.

En endurlausn Krists hefur gefið voninni vængi, er bera hana hátt yfir gröf og dauða og opna henni nýjar og óendanlegar veraldir til að hreyfa sig í. Með því að upplýsa grafarinnar myrkur, hefur drottinn vor aukið afl og ríki vonarinnar, hefur dregið hulu frá augum hennar og sýnt henni fram á æ vaxandi fullkomnun og farsæld. Hve mjög er sú endurlausn aðáunarverð, er frelsar andann frá angist dauðans og gjörir það fyrir fram, sú endurlausn, er leiðir oss frá sigri til sigurs, og birtir oss, að hver sigur, sem vér vinnum, hve mikilvægur sem hann er, sé þó lítilfjörlegur að reikna hjá þeirri dýrð, sem vér eigum síðar í vændum.<sup>82</sup>

### Undir lok ræðunnar vék Páll svo að hefðbundnari skilningi á endurlausninni:

Vel veit eg, að margur kann að ítreka hina gömlu grein, að Kristur kom til að leysa oss frá dauðanum og djöflinum. Að sönnu er þessi grein hin efnisríkasta og mikill sannleiki er fólgin í henni; þó nær hún ekki út yfir nema part af endurlausnarverkinu. Hér er að eins gefið til kynna, hverju böli frelsarinn afstýri, en ekki hvað hann frekar framkvæmir mannkyninu til viðreisnar. Þó er nú eftir að vita, hvað meint er með orðunum, þegar sagt er, að Kristur frelsi oss frá valdi dauðans og djöfulsins. Því að ef með því er meint einungis það, að hann frelsi oss frá hegningu syndarinnar, þá er það tæpur skilningur á erindi hans, þar eð sannleikurinn er sá, að hann á að frelsa oss einnig frá syndinni sjálfri. Eða skyldi það vera ætlun hans, að nema burt afleiðinguna, en skilja eftir orsökina? [...] En setjum nú svo, að menn skilji það og viðurkenni, að frelsarinn eigi að leysa oss bæði frá hegningu syndarinnar og syndinni, er þá erindi hans lokið með því? Engan veginn. Eða mun Kristur, þegar hann hefur frelsað oss frá hegning og synd, láta oss afskiptalaus úr því? [...] Hið sanna er, að hann á ekki að eins að uppræta syndina og dauðann, heldur á hann, og það er ekki minna vert, að gróðursetja lífið. Sá sem því vill skýra fyrir sér erindi drottins síns, hann má ekki nema staðar við það, að hann leysi frá yfirdrottun syndar og dauða, heldur þarf hann þar næst að gjöra sjer ítarlega grein fyrir, hverjar hvatir, fulltingi og áminningar frelsarinn leggur mannkyninu, til að byrja allsendis nýtt líf og nýjar framfarir, — þvílíkt líf og framfarir, er ná út yfir tíma og eilífd.<sup>83</sup>

Þessi tilvitnun er mikilvæg sökum þess að hér ræddi Páll hefðbundinn trúarlærdóm sem var fyrirferðarmikill um hans daga. Hér kemur og fram sú aðferð sem hann var oft orðaður við, þ.e. að hann hafnaði ekki beinlínis hefðbundinni túlkun á kenningum kirkjunnar heldur gæfi þeim nýja og útvíkkaða merkingu. Enn má sjá að í huga Páls var endurlausn mannsins samofin göfgun hans og ábyrgð sem samræmist vel „súbjektífum“ endurlausnarskilningi. Broddurinn í gagnrýni hans beindist hins vegar gegn hlutlægum eða „objektífum“ endurlausnarskilningi sem fól í sér að sekt mannsins væri numin á brott líkt og með sýknun.<sup>84</sup> Taldi Páll sýnilega að sá skilningur ýtti undir þær hugmyndir að ekki væri krafist framfara eða göfgunar í framhaldi af endurlausninni. Það er þó ekki að öllu leyti rétt þar sem margir er aðhyllast „objektífan“ endurlausnarskilning leggja mikla áherslu á gildi „helgunarinnar“ sem felur í sér þroskun eða göfgun mannsins í trúarlegum og siðferðislegum eignum.

### Upprisubodskapurinn

Verður þá vikið að hinum höfuðlærdóminum sem hér verður fjallað um, þ.e. upprisubodskapnum. Hugmyndir um upprisuna hljóta þó ávallt að einhverju leyti að mótast af skilningi manna á dauðanum. Slík tengsl komu glöggt fram hjá Páli Sigurðssyni en um dauðann kenndi hann í páskapredikuninni sem valin var í postilluna (1886):

<sup>82</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 248–249.

<sup>83</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 250.

<sup>84</sup> Gustaf Aulén, *Christus Victor*, bls. 1–7.

Dauðinn er fæðing til æðra lífs; hann er höfuðskilyrði fyrir, að vonir vorar rætist, að trú vor verði að skoðun, að betri partur vor endurleysist og að líf vort verði í sönnum skilningi líf.<sup>85</sup>

Í stöku páskaræðunni, sem út kom 1888, lýsti Páll kristnum hugmyndum um dauðann svo:

Samkvæmt þeirri kenning er dauðinn [...] *ekki til*, og nýja testamentið kennir með ljósum orðum, að Jesús hafi „afmáð dauðann og leitt í ljós lífið og ódauðleikann“. Dauðinn verður því í augum rétt kristins manns allt annað, en hræðilegur atburður. Hann verður að eins flutningur úr einni veröld í aðra, eins og dyr, sem leiða úr einni vistarveru í aðra, eða hann verður líkur blundi, sem á sér stað milli tveggja daga. Takið vel eftir, hvað þessi orð eru sterk og þýðingarfull í þessu efni: „Jesús hefir afmáð dauðann“; [...] <sup>86</sup>

Páll áleit fólk þó eiga erfitt með að tileinka sér þessa kristnu afstöðu til dauðans og sagði að „[...] þótt Jesús hafi afmáð dauðann, þá eru þó mennirnir eins og önnum kafnir í, að setja hann aftur á sinn stað.“<sup>87</sup>

Töluverður munur er á páskaræðunum tveimur eftir Pál sem út voru gefnar. Upprisan var ekki meginumfjöllunarefni stöku páskaræðunnar heldur fékkst Páll þar einkum við afdrif manna eftir dauðann og þar er að finna einbeittustu kenningarrýni hans. Þar voru efnistökin söguleg. Í upphafi rakti Páll hugmyndir heiðinna manna og gyðinga um tilveru mannsins handan dauðans og tefldi kristnum hugmyndum fram gegn þeim.<sup>88</sup> Undir lok ræðunnar kom hann þó inn á upprisuboðskapinn og sagði þá:

Höfuðatriðið í upprisulærdómnum verður því ekki það, að líkamirnir eigi að koma upp úr kyrkjugörðunum á dómsdegi, eins og þeir voru látnir niður, — [...], — heldur er höfuðatriðið það, að manningum er boðað nýtt líf í æðra heimi, og þar á hann að birtast, ekki sem eintóm sál, heldur með *sál* og *líkama*: eða með öðrum orðum: hann á, gegnum dauða sinn og upprisú, *allur að hefjast á aðra stig*. Það er upphafning gjörvalls manneðlisins, sem boðuð er í upprisulærdómnum, og það er höfuðatriðið. *Þessi* upphafning mannsins verður ekki bundin við það, hvort hann hefir breytt hér í lífi vel eður illa, því að eftir kenningu ritningarinnar er upprisna blátt áfram *náttúrulögmál*, [...] <sup>89</sup>

Í páskapredikuninni sem valin var í postilluna var þemað aftur á móti: „Hvernig ber að skoða dauðann? Þekking vor á eilífu lífi“.<sup>90</sup> Þar kom upprisuboðskapur Páls betur fram. Þar leit hann líka svo á að upprisan væri ferli eða veruleiki sem tæki til mannsins alls, þ.e. bæði líkama hans og sálar. Manneðlið breyttist að hans hyggju því ekki við dauða og upprisú. Er þetta í fullu samræmi við afneitun hans á hvers kyns tvíhyggju er reisti múra milli andlegs og efnislegs eða veraldlegs og trúarlegs sviðs:

<sup>85</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 154.

<sup>86</sup> Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 13.

<sup>87</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 154.

<sup>88</sup> Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 1–3, 13.

<sup>89</sup> Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 14.

<sup>90</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 150.

Eg skal játa, að þessi kenning öll um upprisu framliðinna, er þungskilið ihugunarefni, sökum þess, að vér erum enn ekki farnir að reyna þá hluti, sem boðaðir eru; en samt vona eg, að sjálft höfuðatriðið í því sé ekki þungskilið, og það er það, að þegar þú ert fluttur héðan yfir á land ódauðleikans, þá muntu birtast þar *sem fullkominn maður*, ekki sem eintóm sál, né heldur sem eintómur líkami, heldur sem maður með sál og líkama, eins og þú að sínu leyti birtist nú. Manneðli þitt saman stendur einmitt af sál og líkama og má hvorugs án vera, og það á hvorttveggja, [...], að erfa ódauðleikann, þó þannig, að hold og blóð, *þetta* hold og blóð, sem vér berum nú og stynjum undir, erfir ekki ódauðleikann, heldur mun *það* hníga til jarðarinnar og samlagast moldinni og kvikna aldrei til lífs framar í sömu mynd og áður. En í þessum líkama, sem þú nú ber, þótt hann einatt óásjálegur sé, þá felst í honum frækorn til æðri líkama, frækorn til ódauðlegs líkama, til þess líkama, sem þú eignast eftir dauðann.<sup>91</sup>

Þrátt fyrir að Páll útmálaði veruleika upprisunnar og þess sem í vændum væri eftir hana benti hann á að ekkert væri þó vitað um lífið eftir dauðann. Samt leyfði hann sér að slá þessu föstu:

Lífið verður að *tegundinni* til hið sama — eg legg áherzlu á það; en aftur höfum vér þá von og trú, að það verði að *kraftinum* til æðra. Það verður sams konar líf, en allt á hærra tröppustigi, að sínu leyti eins og fullorðni maðurinn lifir sams konar lífi og barnið, en á hærra lífsstigi.<sup>92</sup>

Þessu æðra „lífsstigi“ lýsti Páll svo:

Straumar lífsins munu í hinum heiminum renna með meira afli, en þeir gjöra hér. Hér sjáum vér varla annað, en smálindir og uppsprettur; þar munum vér sjá elfur og ár; hér höfum vér guðs ríki eins og strjála brunna í eyðimörku, þar munum vér sjá það sem ómæliglegt haf. Þar mun sannleikurinn, heilagleikinn, réttlætið og kærleikurinn gjöra sig gildandi með meiri krafti en hér.<sup>93</sup>

Hið „hærra lífsstig“ einkenndist einnig af að maðurinn öðlaðist nýtt gildismat og skarpari sýn á greinarmun góðs og ills:

Allt mun þar birtast á hærra stigi, allt mun sjást þar í bjartara ljósi en hér, ekki einungis hið góða og göfuga, heldur og hitt, sem því er gagnstæðilegt; og ekki mun neinum blandast hugur um greinarmun góðs og ills. Að eg ekki nefni stórsyndir og glæpi, þá vil eg segja, að sumt það, sem hér er kallað smásynd, óveruleg gleymka eða fyrirgefnefleg fávizka, það mun ekki heita svo þar, heldur munu menn sjá, að þessar svonefndu smáfirsjónir voru hvorki meira né minna en farartálmur á leiðinni til fullkomunnar og farsældar.<sup>94</sup>

Þá afhjúpaði upprisan að mati Páls þörf mannsins fyrir endurmat, framför og endurnýjun:

Hinn hjátrúarfulli mun sjá, að hann þarf að skifta um skoðanir, hinn hirdulausi, að hann þarf að skifta um ráðlag, hinn kærleikslausi, að hann þarf að skifta um hjartalag, hinn rangsleitni, að hann þarf að skifta um hegðun. Þá mun hinn dramláti viðurkenna, að auðmýktin er dyggð, sönn, mikil og nauðsynleg dyggð; mannhatarinn mun læra að kannast við mannréttindin og guðsafneitarinn verða var við guð.<sup>95</sup>

Hér öðlaðist upprisuboðskapur Páls félagslega undirtóna sem koma svo víða fram í predikunum hans og samræmast kontekstúal guðfræði.

Ástæða er til að áréttta að í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru aðeins þrjú dæmi um orðið mannréttindi eldri en það sem hér er tilfært.<sup>96</sup> Á þessum stað tengdi

<sup>91</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 152.

<sup>92</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 162.

<sup>93</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 162–163.

<sup>94</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 163.

<sup>95</sup> Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 163.

<sup>96</sup> Elsta dæmið er frá 1849 úr grein í *Norðurfara* eftir Gísla Brynjúlfsson (1827–1888) og Jón Thoroddsen (1819–1868) til undirbúnings þjóðfundinum sem þá var áformað að halda 1850 en var frestað um ár. „Alþingi að sumri“, *Norðurfari* 2/1849, bls. 5–13, hér 9. Sjá Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands* 9, ritstj. Sigurður Lindal og Pétur Hrafn Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 163–374, hér 271–272. Annað dæmið er úr fréttapistli eftir Arnljót Ólafsson (1823–1904) í *Skírni* þar sem greint er frá aðstæðum í Þýskalandi. A.Ó., „Fréttir frá vordögum 1856 til vordaga 1857“, *Skírni* 1857, bls. 3–120, hér 58.



Páll upprisuboðskapinn því við nýja orðræðu. Þá er áhugavert að í einum af þeim textum sem hér koma við sögu gætir beinna hugsanatengsla við boðskap Páls Sigurðssonar. Það er í bæklingnum *Jafnræði og þekking* eftir Jón Ólafsson (1850–1916) ritstjóra frá 1880. Þar koma fram svipaðar skoðanir um framfaramátt kristindómsins og í predikunum Páls. Um það atriði ritaði Jón:

Frelsisást vorra tíma styðst við heimspekilega skoðun á tignareðli mannsins, við mannúðaranda þann, er kristindómurinn hefir í heiminn inn leitt (og sem engu síðr hefir sín áhrif á þá, er honum neita, — því kristindómurinn er lífsafl í inum mentaða heimi); og frelisisást vorrar aldar byggist á djúpri virðingu fyrir almennum mannréttindum.<sup>97</sup>

Þá voru Páll og Jón einnig samstiga í að greina á milli „[...] stólskredda misjafns prestalýðs [...]“, eins og Jón komst að orði, og anda kristindómsins sem „[...] „kærleikans trúarbragða“, sem hefir endrfætt frelisisástina og tengt hana mannúðinni og mannástinni, gjört vorra tíma frelisisást göfugri og helgari, en innar heiðnu fornaldar.“<sup>98</sup>

### Niðurstöður (fyrri og síðari greinar)

Fyrir nútímaguðfræðing er bæði áhugavert og gefandi að lesa postillu Páls Sigurðssonar í samfellu og skynja þá heildarsýn sem þar verður fyrir. Það er áberandi að hann beindi sjónum ávallt fram á við. Hann horfði með von og trausti til uppvaxandi kynslóðar og talaði máli hennar. Hann trúði að þjóð hans væri að vakna til vitundar um framfarir og umbætur þótt honum þætti hægt ganga. Hann var líka sannfærður um að kristin trú væri virkt framfaraafl bæði í andlegum og veraldlegum efnum þótt hann væri um margt gagnrýninn á þá kirkju sem hann þjónaði og teldi hana hafa gert minna gagn en efni stæðu til. Allt þetta verður þeim mun athyglisverðara þegar þess er gætt að hann flutti predikanirnar sem birtust í postillunni á miklum erfiðleikatímum í sögu þjóðarinnar skömmu áður en nútíminn hófst fyrir alvöru hér á landi með margháttuðum framförum í menningarlegu og hagrænu tilliti. Settu þessar aðstæður mark sitt á margar predikananna og þótti ýmsum það óprýða þær. Burðarásinn í bjartsýnni framtíðarsýn Páls var fullvissa hans um að Guðs ríki færi í hönd. Það var í hans huga bæði veraldlegur og handanlægur veruleiki og fól í sér framfarir og göfgun mannsins alls, sem og endurnýjun samfélagsins.

Eitt af því athyglisverðasta við guðfræðilega heildarsýn Páls var þó að hann hafnaði tvíhyggju í öllum myndum, hvort sem um var að ræða manninn sjálfan, samfélagið eða tilveruna í heild. Í hans huga var ekki rétt að greina á milli sálar og líkama mannsins, trúarlegs og veraldlegs sviðs samfélagsins eða efnis og anda þegar um alheiminn var að ræða. Allt var þetta samofið í huga hans. Í þessu efni greindi hann sig bæði frá hefðbundinni vestrænni guðfræði og þeirri „móðernísku“ hugsun sem ríkjandi var á Vesturlöndum langt fram eftir 20. öld en átti ýmislegt sammerkt með framsæknum hugmyndum sem ruddu sér til rúms í lok þeirrar aldar og við upphaf þeirrar 21. Öll þau einkenni sem hér hafa verið talin gera það að verkum að

<sup>97</sup> Jón Ólafsson, *Jafnræði og þekking: Nokkur stjórnfraðileg undirstöðu-atriði um réttan grundvöll sjálfstjórnar*, Stjórnfraðileg smárit 1, Eskifirði: [s.n.], 1880, bls. 10–11.

<sup>98</sup> Jón Ólafsson, *Jafnræði og þekking*, bls. 10–11. Mannréttindi skilgreindi Jón Ólafsson svo að þau væru „[...] hugmyndin, að maðrinn sem maðr hefði helgan rétt“. Sama heimild, s.st.

hér hefur verið litið svo á að merkingarbært sé að skoða guðfræði Páls sem kontext-  
úal guðfræði í almennri merkingu þess orðs þótt þekktustu stefnurnar af því tagi  
kæmu ekki fram á sjónarsviðið fyrr en á síðari hluta 20. aldar og þá með frelsunar-  
guðfræði í ýmsum myndum.

Páll Sigurðsson var látinn fyrir rúmum áratug og postilla hans komin út fyrir  
nokkrum árum þegar frjálssynd guðfræði í afmarkaðri guðfræðisögulegri merkingu  
er almennt talin hafa rutt sér til rúms hér á landi. Helstu einkenni þessarar guðfræði-  
stefnu voru að trúarreynsla og sannfæring einstaklingsins var talin æðri en játningar  
kirkjunnar og að fylgjendur hennar kostuðu kapps um að eiga samleið með „nú tíma-  
legri“ hugsun og standast kröfur skynseminnar. Fylgjendur frjálsslyndu guðfræðinnar  
litu einnig svo á að hugmyndirnar um Guðs ríki væru eitt meginatriðið í boðskap  
Kristis. Loks voru sögulega gagnrýnin viðhorf í biblíurannsóknum og túlkun á hefð-  
bundnum kirkjukeningum meðal einkenna á stefnunni, auk bjartsýnnar söguskoð-  
unar og mannskílnings.

Þegar guðfræði Páls Sigurðssonar er skoðuð í ljósi þessara einkenna má fullyrða  
með nútímalegu orðalagi að hann skori fullt hús stiga og hljóti að teljast dæmigerður  
fulltrúi frjálsslyndrar guðfræði. Í greinunum hefur verið bent á þá stöðu sem guðs-  
ríkisboðskapurinn skipaði í boðun hans, sem og jákvæða afstöðu hans til mannsins  
og framtíðarmöguleika hans í þessum heimi og öðrum. Áherslan á gildi einstaklings-  
bundinnar sannfæringar umfram kirkjulegar kenningar eða játningar kom skýrt fram  
í gagnrýni hans á hefðbundna „dogmatíska“ boðun og fræðslu kirkjunnar, sem og í  
þeirri bjargföstu skoðun hans að sérhverjum kennimanni bæri að predika samkvæmt  
eigin sannfæringu og kosta kapps um að þjóna fremur sannleikanum en kirkjunni.  
Þá leit Páll svo á að, auk sannfæringarinnar og samvikunnar, væri skynsemin grund-  
vallarviðmiðun í trúarlegri þekkingarfræði. Helst má raunar benda á að sögulega  
gagnrýnin viðhorf eru ekki áberandi í postillu hans. Þau má aftur á móti greina í  
páskaræðu hans sem var gefin út stök árið eftir að hann dó. Í ljósi þessa skiptir í  
raun litlu hvort fremur er litið á Pál sem beinan fyrirrennara frjálsslyndu guðfræðing-  
anna eða fulltrúa fyrir fyrstu kynslóð stefnunnar enda virðist ekki eðlismunur þar á  
heldur virðist munurinn fremur velta á hvernig kynslóðir eru taldar. Þegar þessa er  
gætt virðist fráleitt, eins og nýlegt dæmi er þó um, að fjallað sé um frjálsslyndu guð-  
fræðina í löngu máli án þess að nafn Páls sé einu sinni að finna í nafnaskrá!<sup>99</sup> Virðist  
eðlilegast að bregðast við þessari niðurstöðu með því að líta svo á að tímabil frjálss-  
lyndu guðfræðinnar hafi hafist hér á landi nokkru fyrr en gert hefur verið til þessa  
eða að minnsta kosti með útgáfu Pálspostillu 1894. Hér skiptir tímasetningin þó  
ekki höfuðmáli heldur staða ritsins og höfundar þess. Hér er heldur ekki tekin af-  
staða til þess hvort líta beri svo á að tímabilið hefjist enn fyrr og þá helst með ein-  
hverjum ritverkum Matthíasar Jochumssonar, vinar Páls og samherja. Hér hefur Páll  
einn verið til athugunar.

Að þessu sögðu skal viðurkennt að Páll Sigurðsson var ekki háskólamenntaður  
guðfræðingur og lét ekki eftir sig eiginleg guðfræðileg rit en þann flokk fylla predik-  
anir tæplega. Þær ber fremur að skoða sem hagnýta, kirkjulega texta sem mótast af  
ýmsu öðru en guðfræði í þröngri merkingu. Af þeim sökum meðal annars hefur það

<sup>99</sup> Sjá Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og hjód: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.

ekki verið sérstakt viðfangsefni í þessari grein að leitast við að greina hvaða einstakir höfundar hafi verið „lærifeður“ Páls eða fyrirmyndir og hvernig áhrif þeirra komi fram í ræðum hans. Sú athugun sem hér hefur verið gerð raskar þó hvorki þeirri viðteknu skoðun né útfærir hana nákvæmar að ameríski únítarinn William Ellery Channing hafi haft sterk áhrif á boðun Páls. Ekkert hefur hins vegar komið fram í rannsókninni sem gefur til kynna að Páll hafi þar fyrir aðhyllst únítaríska kristindómstúlkun í eiginlegri merkingu þess orðs en ýmsir hafa hallast að því bæði fyrir og síðar. Er hér fremur lítið svo á að þar sé um stimpil að ræða sem nokkrir gagnrýnendur postillunnar hafi skellt á hana skömmu eftir að hún kom út eins og oft vill verða í hita leiksins. Þá var höfundurinn ekki lengur ofar moldu og gat ekki brugðist við nafngiftinni. Af gagnrýnendunum gekk þó enginn lengra en að halda því fram að Páll væri hófsamur únítari.

Þegar staða Páls í íslenskri trúarsögu í víðtækari skilningi er metin virðist ljóst að hann hafi átt drjúgan þátt í að endurskilgreina trúna og mæta þar með hugmyndafræðilegri nútímavæðingu sem var að hefjast um hans daga. Fram undir lok 19. aldar var sá skilningur ríkjandi hér að kristin trú væri safn játninga, kenninga og athafna sem einstaklingnum bæri að tileinka sér, samsama sig með og taka þátt í. Páll setti einstaklinginn, sannfæringu hans, samvisku, skilning og dómgreind í öndvegi. Þannig má segja að hann hafi orðið einna fyrstur til að einstaklingsvæða trúna. Vissulega hafði gætt hér nokkurra píetískra áhrifa fyrir daga Páls og þá einkum vegna starfs Jóns lærða í Möðrufelli sem Páll sneiddi að í að minnsta kosti einni af ræðum sínum. Píetistar áttu sinn þátt í þeirri einstaklingsvæðingu sem hér er rætt um og lögðu í því sambandi áherslu á tilfinningalægar hliðar trúarinnar. Páll Sigurðsson lagði á hinn bóginn áherslu á vitsmunalega þætti hennar. Þannig mætti hann þeim stefnum sem harðast sóttu á í samtíð hans. Af þeim sökum má segja að hann hafi einnig verið einna fyrstur til að nútímavæða trúna. Segja má að hann hafi boðað trúna trúarinnar vegna eða höggvið á þau órofa tengsl sem ríkt höfðu bæði í huga almennings og kirkjuyfirvalda allt fram á hans daga milli trúar og kristninnar sem trúarbragaða eða kenningakerfis. Olli það eflaust miklu um þá gagnrýni sem rit hans vöktu hjá mörgum.

Skal nú að endingu vikið að sérhæfðara álitamáli sem lítil tók eru á að kanna frekar. *Helgidaga-prédikanir* Páls Sigurðssonar voru markaðsfærðar sem húslestrabók. Ugglaust hefur það verið gert til að stuðla að útbreiðslu þeirra en húslestrahefðin var enn víðast hvar föst í sessi þegar bókin kom út. Áhugavert er þó að spyrja hvers vegna bókin var samt eins rýr og raun ber vitni sem gerði það að verkum að hún gat ekki komið í stað eldri bóka af því tagi, því síður rutt þeim úr vegi. Allar predikanirnar í postillunni eru frá lokaskeiðinu í lífi Páls, þ.e. Gaulverjabæjarárunum. Bendir það til að útgefendurnir hafi viljað gefa alveg ákveðna mynd af Páli sem predikara og kennimanni. Sá Páll sem lesendur mæta í postillunni er sem sé hinn fullþroska Páll eða hinn gagnrýni Páll sem kom fram eftir þá vitundarvakningu sem Matthías Jochumsson kvað vin sinn hafa orðið fyrir. Þetta markmið hefur bundið hendur útgefendanna og valdið því að úr færri ræðum var að móða en ella. Margt bendir til að páskaræðan sem gefin var út stök og gekk um margt lengra í kenningar-rýni en ræðurnar í postillunni hafi hleypt illu blóði í marga og postillan fremur goldið hennar en notið. Það getur svo bent til að Gunnar Benediktsson hafi á réttu að

standa um að hinar gagnrýnustu ræður Páls hafi verið sniðgengnar við útgáfu postillunnar (sjá fyrri greinina). Þá hefur markmið útgefendanna verið að móta mynd af Páli sem gagnrýnum en þó hófsömum guðfræðingi. Það hefur svo bundið hendur útgefendanna enn frekar og getur skýrt hvers vegna postillan er eins götött og raun ber vitni þegar horft er til fjölda helgidaganna í kirkjuárinu.

Á þetta er bent hér til að ítreka að sá Páll Sigurðsson sem blasir við í þessari grein er ekki sá Páll sem þjónaði Laugardal, Hjaltabakka og Gaulverjabæ. Hér er aðeins um að ræða túlkun á ritstýrðri mynd af þessum einstaklingi meðan á þjónustu hans í síðastnefnda prestakallinu stóð. Svona takmarkar fræðileg nálgun sjónarhorn síðari tíma á alla þá sem sagan á annað borð skolar á land. Þessir stóru annmarkar valda því vissulega að myndin af hinum raunverulega Páli í Gaulverjabæ verður aldrei í fullum fókus. Vonir standa þó til að þeir raski ekki þeirri niðurstöðu að hann hafi verið í fararbroddi þeirra sem einstaklings- og nútímavæddu kristna trú hér á landi með hjálp frjálslýndrar kontextúal guðfræði og leitust þar með við að vinna gegn deyfð og doða í kirkjunni, sem og afskiptaleysi og þverrandi áhuga fyrir trúnni í samfélaginu.